

Ungt fólk til áhrifa!

Reykjavík, 19. febrúar 2019.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Forsvarsmenn verkefnisins *Ungt fólk til áhrifa!* eru fylgjandi frumvarpinu sem um ræðir. Sveitarstjórnarstigið annast mikið af þeim verkefnum sem koma ungu fólki sérstaklega við í nærumhverfinu. Því er það tilvalið fyrsta skref í því ferli að lækka kosningaaldur og leyfa ungu fólki að hafa aukin áhrif á samfélagið.

Við vísum í fyrri umsögn okkar um sama mál en viljum þó áréttu ákveðin atriði úr skýrslunni okkar.

Í rannsókn Ellen Quintelier (2007) um stjórnmálaviðhorf ungs fólks, kom fram að meirihluti svarenda taldi sig ekki geta haft áhrif á samfélagið. Töldu þau að ungt fólk gæti ekki haft áhrif á stjórnmálin, þar sem hagsmunir eldri aldurshópa myndu alltaf hafa forgang og að síður yrði hlustað á ungt fólk í pólitískri umræðu. Sambærilegar athuganir komu fram í rýnihóparannsókn okkar, þar sem oft var komið inn á vanvirðingu sem þátttakendur upplifa sökum aldurs. Einn þátttakandi sagði upplifun sína; að fyrirfram mótaðar hugmyndir sem aðrir hafa á honum vegna aldurs, hefðu áhrif á hversu lítið mark væri tekið á skoðunum hans.

Þá nefndu þátttakendurnir að oft ættu þau til að gleymast þegar rætt er um hagsmuni þjóðarinnar. Meðan mikil umræða er um vandamál í heilbrigðismálum og hjá barnafjölskyldum virðast málefni ungs fólks sitja á hakanum. Hættan er sú að ungt fólk upplifi að stjórnmálin snúist einungis um hagsmuni eldri kynslóðanna. Þetta getur haft alvarlegar afleiðingar. Upplifun ungs fólks byggir að auðvitað að einhverju leiti á raunveruleika málsins. Við lökkun kosningaaldurs er óhjákvæmilega nauðsynlegt fyrir stjórnmálamenn að leggja við auknar hlustir á þau málefni sem brenna á ungu fólki. Vonandi leiðir þetta til þess að staða ungs fólks innan stjórnmálaflokka styrkist.

Virðingarfyllst,

Jóhann Bjarki Hall og Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir

f.h. Ungt fólk til áhrifa.